

**BORGARRÁÐ 9. febrúar 2023: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2023 - FAS22010020**

Óskað er eftir eftirfarandi upplýsingum um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2023. Hversu miklar breytingar urðu á áætluðum útgjöldum Reykjavíkurborgar sundurliðað eftir fjárfestingu og rekstri frá framlagningu frumvarps 1. nóvember 2022, til og með lokasamþykkt 6. desember? Jafnframt er óskað eftir sambærilegum upplýsingum um breytingar á áætlaðri lántöku og skuldaniðurstöðu milli áðurnefndra dagsetninga.